

Trúnaðarmenn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Hjúkrunarfræðingar eru stór starfstétt og það er öllum hjúkrunarfræðingum til hagsbóta að hafa öflugna tengiliði inni á flestum vinnustöðum. Með því heyrast viðhorf hjúkrunarfræðinga alls staðar að og fá sterkan samhljóm með áherslur mismunandi hópa að leiðarljósi.

Trúnaðarmannakerfi Fíh er skipt í tvo flokka, annars vegar hefðbundið trúnaðarmannakerfi og hins vegar trúnaðarmannaráð. Hugmyndin er að trúnaðarmenn verði fyrst og fremst tengiliðir inn á deildir og stofnanir. Þeim til stuðnings væri minni hópur aðaltrúnaðarmanna sem sæti í trúnaðarmannaráði. Þeir trúnaðarmenn sem sitja í trúnaðarmannaráði fá sérstaka fræðslu og menntun og laun frá félaginu fyrir störf sín. Starfsskyldur þeirra eru ríkari sem og ábyrgð gagnvart

félaginu. Þessir trúnaðarmenn hefðu m.a. það hlutverk að þjóna fleiri en einni starfseiningu.

Kosning trúnaðarmanna og í trúnaðarmannaráð á sér stað á tveggja ára fresti. Þannig er hægt að yfirfara kerfið á tveggja ára fresti þó vissulega sé hægt að skipta um trúnaðarmenn þess á milli ef nauðsyn ber til. Kosningu trúnaðarmanna á að vera lokið 1. febrúar 2021 og kosningu í trúnaðarmannaráð 1. mars 2021.

Viltu hafa áhrif á launa- og starfskjör þín og annarra hjúkrunarfræðinga?

Trúnaðarmenn eru mikilvægir tengiliðir

Er starfandi trúnaðarmaður á þinni deild? Já/nei. Viltu halda áfram að gefa kost á þér? Ef ekki hefðir þú áhuga á að vera trúnaðarmaður?

Ágætu hjúkrunarfræðingar.

Komið er að kjöri trúnaðarmanna Fíh fyrir starfstímabilið 2021–2023.

Mjög mikilvægt er að til staðar sé trúnaðarmaður á starfseiningum hjúkrunarfræðinga.

Meginhlutverk trúnaðarmanna er að:

- Vera tengiliðir milli hjúkrunarfræðinga og stjórnenda.
- Koma upplýsingum um kjar- og réttindamál til hjúkrunarfræðinga á starfseiningu/stofnun.
- Standa vörð um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga.
- Kynna sér ítarlega kjarasamninga Fíh.
- Upplýsa hjúkrunarfræðinga um ný og breytt atriði kjarasamninga.
- Fylgjast með að réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga séu virt.
- Taka við kvörtunum og fyrirspurnum hjúkrunarfræðinga, leita svara við þeim eða koma þeim í viðeigandi farveg innan stofnunar eða hjá kjar- og réttindasviði Fíh.

Kosið er í ráðið á tveggja ára fresti fyrir 1. febrúar hvers árs sem stendur á oddatölu.

Tilnefningar frá stofnun/deild skulu berast til kjararáðgjafa Fíh eva@hjukrun.is fyrir 30. janúar 2021.

Kosning í trúnaðarmannaráð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021–2023

Ágæti trúnaðarmaður.

Viltu hafa áhrif á laun og kjarasamninga hjúkrunarfræðinga?

Auglýst er eftir **trúnaðarmönnum** í trúnaðarmannaráð. Framboð þurfa að berast frá eftirtöldum sviðum/stofnunum fyrir 1. mars 2021.

Komið er að kjöri í trúnaðarmannaráð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) starfstímabilið 2021–2023.

Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að:

- Vera samninganefnd Fíh innan handar við gerð kjarasamninga.
- Vinna að undirbúningi kröfugerðar Fíh á hverjum tíma með starfsmönnum kjara- og réttindasviðs.
- Vinna að áherslum Fíh í kjaramálum.
- Gegna ráðgefandi hlutverki, en ráðið kemur þó ekki beint að gerð kjarasamninga.

Í ráðinu sitja samtals 15 fulltrúar auk starfsmanna kjara- og réttindasviðs Fíh. Skipan í ráðið tekur mið af viðsemjendum Fíh í miðlægum kjarasamningum og skiptist hún þannig:

- Frá ríki, stofnunum þar sem hjúkrunarfræðingar vinna samkvæmt kjarasamningi við fjármálaráðherra fyrir

hönd ríkissjóðs, sitja fulltrúar frá hverri heilbrigðisstofnun ríkisins. Þrír fulltrúar **Landspítala** (einn frá hverju klínísku sviði), einn frá Sjúkrahúsinu á Akureyri og einn af hverri heilbrigðisstofnun: **Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilsgæslu höfuðborgarsvæðisins.**

- Frá öðrum viðsemjendum, þ.e. **Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Reykjalundi**, situr einn fulltrúi frá hverjum viðsemjanda.

Kosið er í ráðið á tveggja ára fresti fyrir 1. mars hvers árs sem stendur á oddatölu.

Tilnefningar frá stofnun/deild skulu berast til kjara-ráðgjafa Fíh á netfangið eva@hjukrun.is fyrir 27. febrúar 2021.

Fyrir setu á fundum trúnaðarmannaráðs er greitt tíma-kaup skv. verklagsreglum Fíh. Ferðakostnaður vegna fundar-sóknar er jafnframt greiddur skv. verklagsreglum Fíh.

Kveðjur til heilbrigðisstarfsfólks

með virðingu
og þakklæti

arionbanki.is

